

**Nr. 141 / 13 Gullberg VE 292*****Skipverji slasast í baki***

*Skipaskr.nr.* 2747 *IMO nr.* 9211810  
*Smíðaður:* Noregi 2000, stál  
*Stærð:* 337,8 brl. 599,6 bt.  
*Mesta lengd:* 37 m *Skráð lengd:* 31,9 m  
*Breidd:* 10,4 m *Dýpt:* 6,53 m  
*Vél:* Caterpillar 1056 kW, 2000  
*Fjöldi skipverja:* 12



Gullberg©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 14. febrúar 2014 af Geirprúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni og Hilmar Snorrasoni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 20. maí 2013 var Gullberg VE 292 á togveiðum á SA miðum. Veður: SV 10-30 m/sek.

Þegar einn skipverja mætti á vakt inn á aðgerðarþilfarið um morguninn voru allar lifrakörfur fullar. Hann fór því að bera körfurnar yfir í lifrakörin sem voru á þilfarinu. Þegar hann lyfti einni körfunni fann hann fyrir einskonar hnykk eða eitthvað brast í bakinu en hélt samt áfram vinnu sinna fram á kvöld er hann fór í koju. Að morgni var skipið komið til hafnar og þegar hann var ræstur gat hann nánast ekki hreyft sig sökum verkja í baki.

Skipverjinn var frá vinnu í þrjár vikur sökum tognunar í baki.

***Við rannsókn kom fram:***

- að karfa full af lifur er talin nær 30 kg. og körfurnar stóðu á þilfarinu en slasaði stóð upp á göngugrind sem er um 5 sm þykk.

***Nefndarálit:***

Málið hefur verið skráð.